



ORKUSTOFNUN
Orkumálasvið

Grensásvegur 9 Sími - 569
108 REYKJAVÍK 6000
os@os.is Fax - 568
8896
<http://www.os.is>

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegur 166
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. ágúst 2008
Tilvísun: 2008070014
Bréfalykill: 22.2

Efni: Hellsheiðarvirkjun, breyting á niðurrennslisveitu. Sveitarfélaginu Ölfusi.

Með erindi, dags. 25. júlí 2008, fer Skipulagsstofnun þess á leit að Orkustofnun tjái sig um téð málefni. Með erindinu fylgdi greinargerð; *Hellsheiðarvirkjun, breyting á niðurrennslisveitu. Sveitarfélaginu Ölfusi*, sem unnin er af Mannviti verkfræðistofu fyrir Orkuveitu Reykjavíkur, júlí 2008.

Við umsagnir sínar lætur Orkustofnun sig einkum varða meðferð þeirra auðlinda sem eru á hennar verksviði, í þessu tilfelli jarðhita og ferskvatn. Eins og fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila á sér þessi fyrirhugaða framkvæmd nokkurn aðdraganda, og tilgangurinn er að bæta nýtni auðlindarinnar í heild sinni. Ekki er að sjá að þessi breyting hafi í för með sér umtalsverð áhrif á ferskvatnsauðlindina.

Miðað við aðkomu Orkustofnun að málum af þessu tagi, telur hún að fyrirhuguð breyting á niðurrennslisveitu sé ekki líklegt til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og telur því ekki að framkvæmdin eigi að vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt


Hákon Aðalsteinsson


Lárus M. K. Ólafsson